



Sigrún Clausen

Fædd 20. október 1930

Dáin 15. desember 2022



*Útför frá Akraneskirkerju
fimmtudaginn 5. janúar 2023*

Forspil

Ave María

Sigvaldi Kaldalóns - Indriði Einarsson

Bæn

Ó, þá náð að eiga Jesú
einkavin í hverri þraut.
Ó, þá heill að halla mega
höfði sínu' í Drottins skaut.
Ó, það slys því hnossi' að hafna,
hvílíkt fár á þinni braut,
ef þú blindur vilt ei varpa
von og sorg í Drottins skaut.

Eigir þú við ból að búa,
bíðir freistni, sorg og þraut,
óttast ekki, bænin ber oss
beina leið í Drottins skaut.
Hver á betri hjálp í nauðum?
Hver á slíkan vin á braut,
hjartans vin, sem hjartað þekkir?
Höllum oss í Drottins skaut.

Ef vér berum harm í hjarta,
hryggilega dauðans þraut,
þá hvað helst er Herrann Jesús
hjartans fró og líknar skaut.
Vilji bregðast vinir þínir,
verðirðu' einn á kaldri braut,
flýtt þér þá að halla' og hneigja
höfuð þreytt í Drottins skaut.

Scriven - Matthías Jochumsson

Ritningarorð

Hver á sér fegra föðurland,
með fjöll og dal og bláan sand,
með norðurljósa bjarnaband
og björk og lind í hlíð?
Með friðsæl býli, ljós og ljóð,
svo langt frá heimsins vígaslóð.
Geym, drottinn, okkar dýra land
er duna jarðarstríð.

Ó, Ísland, fagra ættarbyggð,
um eilífð sé þín gæfa tryggð,
öll grimmd frá þinni ströndu styggð
og stöðugt allt þitt ráð.
Hver dagur liti dád á ný,
hver draumur rætist verkum í
svo verði Íslands ástkær byggð
ei öðrum þjóðum háð
Svo aldrei framar Íslands byggð
sé öðrum þjóðum háð.

Emil Thoroddsen / Hulda

Ritningarorð

Fram í heiðanna ró
fann ég bólstað og bjó,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrst þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.

Heiðar ból ég bý,
þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrst þar hnjóð,
þar er himinninn víður og tær.

Mörg hin steinhljóðu kvöld,
upp í stjarnanna fjöld
hef ég starað með spyrjandi þrá.
Skyldi dýrðin í geim,
bera' af dásemdum þeim
sem vor draumfagri jarðheimur á.

Þetta loft er svo tært,
finnið þytmjúkan þey,
hve hann þyrlar upp angan úr mó.
Nei, ég vildi' ekki borg
né blikandi torg
fyrir býlið í heiðanna ró.

Erlent lag - Friðrik Aðalsteinn Friðriksson









Guðspjall

Hún bar þig í heiminn og hjúfraði að sér.

Hún heitast þig elskaði og fyrirgaf þér.

Hún ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.

Hún er íslenska konan sem ól þig og þér helgar sitt líf.

Hún þraukaði hallæri, hungur og fár.

Hún hjúkraði og stritaði gleðisnaud ár

Hún enn í dag fórna sér endalaust má.

Hún er íslenska konan sem gefur þér allt sem hún á.

Með landnemunum sigldi hún um svarrandi haf.

Hún sefaði harma, hún vakti er hún svaf.

Hún þerraði tárin hún þerraði blóð.

Hún var íslenska konan sem allt á að þakka vor þjóð.

Ó, hún er brúður sem skín

Hún er barnsmóðir þín.

Hún er björt sólarýn.

Ó, hún var ambáttin hljóð

hún var ástkonan rjóð

hún var amma svo fróð.

Ó, hún er ást, hrein og tær

Hún er alvaldi kær.

Eins og Guðsmóðir skær.

Ó, athvarf umrenningsins

inntak hjálpræðisins

líkn frá kyni til kyns.

Og loks þegar móðirin lögð er í mold

þá lýtur þú höfði og tár falla á fold.

Þú veist hver var skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.

Það var íslenska konan sem ól þig og gaf þér sitt líf.

En sólin hún hnígur og sólin hún rís.

Og sjá þér við hlið er þín hamingjudís,
sem ætíð er skjól þitt, þinn skjöldur og hlíf.

Það er íslenska konan, tákn trúar og vonar,
sem ann þér og þér helgar sitt líf.

Billy Joel - Ómar Ragnarsson

Minningarorð

Í faðmi fjalla blárra,
þar freyðir aldan köld,
í sölum hamra hárra
á huldan góða völd,
sem lætur blysin blika
um bládimm kletta-skörð,
er kvöldsins geislar kvika
og kyssa Ísafjörð.

*Jónas Tómasson -
Guðmundur Guðmundsson*

Bæn / Faðir vor

Söngur

Kveðja

Bubbi Morthens

Moldun

Almennur söngur

Nú legg ég augun aftur,	Ég fel í forsjá þína,
ó, Guð, þinn náðarkraftur	Guð faðir, sálu mína,
mín veri vörn í nótt.	Því nú er komin nótt.
Æ, virst mig að þér taka,	Um ljósið lát mig dreyma
mér yfir láttu vaka	og ljúfa engla geyma
þinn engil, svo ég sofi rótt.	öll börnin þín, svo blundi rótt.

Foersom / Sveinbjörn Egilsson -

Matthías Jochumsson -

P.C. Crossing 1820

P.C. Crossing 1820

Blessun

Eftirspil

Internationalinn

Eugén Pottier - Sveinbjörn Sigurjónsson

Prestur: sr. Þráinn Haraldsson

Organisti: Friðrik Vignir Stefánsson

*Söngur: Tindatríó - Atli Guðlaugsson, Bjarni Atlason
og Guðlaugur Atlason*

Útfararþjónusta Akraneskkirkju

Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness

***Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja
veitingar í Safnadarheimilinu Vinaminni að athöfn lokinni***